


Einfaldar leiðbeiningar um algengustu vandamál við burð


Tekið saman af Hákonni Hanssyni og Þorsteini Ólafssyni



Eðlilegur burður.




Á afturfæti snúa hækil og lagklaufir í sömu átt.




Þegar annar fóturinn kemur ekki þarf í þessu tilfelli að fara inn og koma fingri í hnésbótina og rétta úr fætinum. Jafnvel þó að fóturinn liggji beinn aftur með lambinu er oftast best að byrja á að rétta fótinn fram.



Höfuðið stangar í mjaðmagrindina, hér verður að láta ána standa og ýta höfðinu inn og koma spotta aftur fyrir eyrun á lambinu.




Höfuðið snýr aftur eða niður. Vera viss um að fæturnir tilheyri sama lambinu og að þeir séu framfætur, sjá Mynd 2. Fara inn ofan við lambið og finna höfuðið. Notaðu mikið burðarslím og reyna að rétta höfuðið. Aldrei toga í neðrikjálkan á lambinu.



Hér verður að ná hinum fætinum, svona kemst lambið ekki út.




Á framfæti eru hné og lagklaufir gagnstæð.




Svona á að draga lamb út.



Hvorugur fóturinn kemur með. Það verður að ná að minnsta kosti öðrum fætinum, helst báðum, annars næst lambið ekki út.



Afturfætur sjá Mynd 3. Lambið oft stórt, dregið varlega til skiptis í sitthvorn fótinn. Reyna að skaða hvorki lamb né á. Hætta á brotnum rifbeinum. Notaðu mikið slím. Ekki reyna að snúa lambinu. Dýralæknisaðstoð og keisarskurður oft besta úrræðið.



Tvö lömb, mikilvægt að vita hvað tilheyrir hvoru lambi. Hafa hærra undir ánni að aftan. Mælt er með því að taka lambið sem kemur aftur á bak fyrst sé það ekki því stærra.